

GJALDSKRÁ

fyrir uppboðshaldara.

1. gr.

Fyrir tilkynningu til skuldara um sölubeiðni og fyrir frumvarp að uppboðsskilmálum skal greiða uppboðshaldara kr. 20,00.

2. gr.

Innheimtugjald uppboðshaldara:

a. Án sölu:

Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal greiða 1%.

b. Við sölu:

1. Fasteignir og skip:

Af upphæð þeirri, er uppboðshaldari innheimtir eða innheimtist fyrir hans atbeina, skal kaupandi greiða 1%.

Innheimtugjald skal og greiða, þótt eign sé lögð út, sbr. 32. gr. uppboðslaga.

2. Lausafé:

Innheimtugjald frá kaupanda:

a. Með gjaldfresti 6%.

b. Við staðgreiðslu 3%.

Innheimtugjald frá seljanda 4%.

Innheimtugjald skal eigi greiða af þeim hluta uppboðsandvirðis, sem kaupandi tekur undir sjálfum sér, áfram stendur veðtryggt í eign eða kaupandi og kröfuhafi semja um greiðslu á án nokkurs atbeina þess, er innheimtu annast.

Innheimtugjald skal ákveða í heilum krónum, þannig að lægri fjárhæð en 50 aurar falli niður en 50 aurar og hærri fjárhæð hækki í heila krónu.

3. gr.

Gjaldskrá þessi gildir og við frjáls uppboð, ef eigi er um annað samið.

4. gr.

Þau innheimtugjöld, sem getið er um í 1. til 3. grein reglugerðar þessarar, renna í ríkissjóð í þeim tilvikum, þar sem uppboðshaldari ákveður, að um lögkjör hans fari samkvæmt niðurstöðu kjaradóms frá 5. janúar 1985, sbr. l. nr. 41/1984.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 11. gr. laga nr. 57 25. maí 1949 um nauðungaruppboð, öðlast gildi 1. apríl 1985.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir uppboðshaldara nr. 757 30. desember 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1985.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Guðmundur Björnsson.